

Fundur Betadeildar mánudaginn 13. febrúar 2012 kl. 19:30.

Fundarstaður: Menntaskólinn á Akureyri.

Mættar voru 16 félagskonur úr Betadeild og 2 gestir.

Dagskrá:

1. Setning fundar
 2. Orð til umhugsunar
 3. Lestur fundargerða
 4. Fundarstjórn
 5. Erindi frá stjórn
 6. Hópefli
 7. Veitingar
 8. Hapdrætti
 9. Önnur mál
-
1. **Setning fundar.** Þorgerður Sigurðardóttir formaður Betadeildar setti fund og Sigríður Magnúsdóttir kveikti á kertum. Þorgerður bar kveðjur frá fjarverandi konum og las jafnframt bréf frá einum af stofnfélögum Betadeildar, Margréti Eggertsdóttur um úrsögn hennar úr Betadeild.
 2. **Orð til umhugsunar.** Erna Gunnarsdóttir las upp úr bókinni *Máttur athyglinnar* eftir Guðna Gunnarsson. Kaflinn sem Erna las fjallaði um ró og æðruleysi.
 3. **Lestur fundargerða.** Jónína Hauksdóttir las upp fundargerð frá 12. janúar 2012 og bar hana upp til samþykktar. Fundargerð samþykkt með lítils háttar breytingum.
 4. **Fundarstjórn.** Þorgerður gaf fundarstjórn yfir til undirbúningshóps og María Gunnardóttir tók við stjórn fundarins.
 5. **Erindi frá stjórn.** Þorgerður kom inn á nokkur mál:
 - a. Reglugerð við lög landssambandsins. Það stendur til að samþykkja reglugerðina 2013 og hvetur Þorgerður konur til að lesa yfir reglugerðina og senda athugasemdir ef einhverjar eru.
 - b. Alþjóðþing í New York 24. – 28. júlí 2012. Konur eru hvattar til að mæta og minnt er á að hægt er að nýta styrki frá stéttarfélögum til ferðarinnar.
 - c. 35 ára afmæli Betadeildar. Betadeild verður 35 ára 2. júní n.k. Venjan er að heiðra konu á 5 ára fresti. Óskað er eftir tilnefningum. Skilyrði fyrir tilnefningu er að konan hafi starfað á svæði Betadeildar og lagt mikið af mörkum til mennta- og/eða fræðslumála. Hanna Salómons dóttir kom fram með þá hugmynd að hafa afmælið fram á Hrafnagili þar sem boðið yrði upp á kaffi, súkkulaði, pönnukökur með rjóma og flatbrauð með hangikjöti. Gaman væri að hafa tónlistaratriði og bjóða Mýdeild til veislunnar. Björk Sigurðardóttir og Maríu Gunnardóttur var falið að kanna húsnæði að Hrafnagili.
 - d. Vorþing DKG 28. apríl 2012. Þingið er haldið í Reykjavík og er María Steingrímsdóttir í undirbúningsnefnd. Konur er hvattar til að mæta á þingið.
 6. **Hópefli.** Birna Guðrún Baldursdóttir iðjupjálfi og félagi í Mýdeild stýrði nokkrum hópleikjum sem hugsaðir eru sem ísbrjótar og var með stutt erindi um mikilvægi leiksins. Fram kom í erindi Birnu að hún nýtir markvissa leikþjálfun með nemendum sínum en leikurinn kennir

ýmsa þroskaþætti og býður upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir, eykur hreyfingu og brýtur upp stundir.

7. **Veitingar.** Gert var hlé á hópleikjum til að njóta góðra veitinga í boði Önnu Jóhannesdóttur, Lilju Sæmundsdóttur og Selmu Hauksdóttur.
8. **Happdrætti.** Selma Hauksdóttir hlaut vinninginn að þessu sinni.
9. **Önnur mál.** María Gunnardóttir gaf fundarstjórnina aftur til Þorgerðar sem þakkaði bæði undirbúnings- og kaffinefndum kvöldins fyrir sitt framlag. Hún minnti á óhefðbundinn fund þann 15. mars en þá verður fjallað um bækurnar Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur og Húshjálpinu eftir Kathryn Stockett. Í lokin minnti hún á hvaða konur væru í undirbúningshóp fyrir næsta fund.

Þorgerður sleit fundi kl. 22:05.

Ritari: Jónína Hauksdóttir